



Upplýsingar um þjónustu Samtaka um kvennaathvarf

Kvennaathvarfið í Reykjavík hefur frá stofnun verið skjól fyrir konur og börn þeirra þegar dvöl í heimahúsum er þeim óbærileg vegna ofbeldis. Dvalarkonum sem þess óska, stendur til boða aðstoð við taka þau skref sem nauðsynleg eru til að yfirgefa ofbeldissambandið auk þess sem konurnar nýta sér yfirgripsmikla þekkingu og reynslu starfandi ráðgjafa á hverjum degi. Athvarfið veitir sólarhingsþjónustu allan ársins hring enda er það skilgreint sem neyðarathvarf. Það þýðir að þolendur ofbeldis geta haft samband símleiðis og/eða komið í dvöl hvenær sem er sólarhrings. Athvarfið er rekið sem stórt heimili og búa þar að meðaltali yfir 20 íbúar á degi hverjum. Konur og börn búa á heimlinu sér að kostnaðarlausu og er þar í fríu fæði auk þess sem þeim er séð fyrir helstu nausönyjum. Það sem af er ári 2022 hafa 122 konur dvalið í athvarfinu og 86 börn. Konur dvelja allt frá einum degi og upp í marga mánuði, en er meðaldvalartími um einn mánuður. Viðtöl hjá ráðgjöfum athvarfsins eru 1.188 það sem af er ári en til samanburðar voru viðtölin 508 talsins árið 2016.

Árið 2020 hófu Samtök um kvennaathvarf tilraunaverkefni með nýtt athvarf á Akureyri. Það verkefni gekk vonum frammar og var strax ljóst hversu þarft er að bjóða uppá slíkt úrræði á Norðurlandi. Því var ákveðið að rekstur Kvannaathvarfs á Akureyri skildi festur í sessi og hefur aðsókn þangað aukist jafnt og þétt. Konur hvaðanæva af á landinu sækja í auknum mæli í kvannaathvarfið á Akureyri. Rekstur þess bætist við árlegan rekstrarkostnað Kvannaathvarfsins og er áætlaður kostnaður fyrir árið 2022 um 20 m.kr.

Í Kvannaathvarfinu hafa í lengst konur og börn þeirra sem hafa þurft að flýja heimili sin vegna ofbeldis, vegna þess hreinlega að þær hafa ekki átt kost á öðru heimili. Samtök um kvennaathvarf tók í gagnið fyrir tæpu ári nýtt áfangaheimili fyrir þær konur og börn þeirra sem svona er statt fyrir. Slíkt millibilsúrræði gerir konum kleift að fá tíma og rými til að koma undir sig fótunum efnislega og andlega.

Á síðustu áratugum hefur verið að koma sífellt betur í ljós hversu neikvæðar afleiðingar það hefur fyrir börn að búa á ofbeldisheimilum og gætir áhrifanna stundum allt lífið, ef ekki er gripið inn í. Við höfum því markvisst unnið að því að bæta þjónustu við börn og starfar nú ráðgjafi í athvarfinu sem sérstaklega sinnir þörfum barnanna. Markmiðið er að stuðla að því að dvölin sé sem ánægjulegust en jafnframt að aðstoða mæður og börn þeirra við að vinna gegn afleiðingum ofbeldisins.

Sveitarfélög hafa hingað til verið öflugir stuðningsaðilar kvenna og barna sem sækja skjól til Samtaka um kvennaathvarf og er það von okkar að svo verði áfram.

Ársskýrslur Samtaka um kvennaathvarf er hægt að nálgast á heimasíðu athvarfsins, kvannaathvarf.is.

Reykjavík, 6. október 2022

Linda Dröfn Gunnarsdóttir
linda@kvannaathvarf.is